



Heilsuleikskólinn Fífusalir



Starfsáætlun

2015-2016

Efnisyfirlit

Starfsáætlun	0
2015-2016	0
Heilsuleikskólinn Fífusalir	2
Lýsing á húsnæði og lóð leikskólans	2
Námskrá og uppeldislegar áherslur	2
Mat á starfinu, matsaðferðir	3
Innra mat í leikskólum	3
Ytra mat leikskóla	3
Niðurstöður úr ECERS matlistanum vorið 2015	4
Niðurstöður úr foreldrakönnun vorið 2015	4
Mat á námi og velferð barna	6
Mat á starfi síðastliðins árs	6
Endurmat skólaársins 2014 – 2015	6
Umbótaáætlun fyrir 2015 – 2016	6
Starfsáætlun næsta leikskólaárs	7
Sérkennsla	7
Daglegt skipulag	7
Sérstakir dagar og tilbreytingar 2015 – 2016	7
Fjöldi barna, aðlögun og útskrift	7
Próunar- og nýbreytnistarf	8
Kynning á leikskólanum	8
Samstarf	8
Foreldrasamstarf	8
Foreldrafélag og foreldraráð	9
Samstarf við aðrar stofnanir bæjarins	9
Starfsmenn	10
Fæðingarorlof	10
Fundir	10
Skipulagsdagar 2014 – 2015	10
Endur- og símenntunaráætlun	11
Öryggismál	11
Lokaorð	12

Heilsuleikskólinn Fífusalir

Lýsing á húsnæði og lóð leikskólans

Heilsuleikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli. Húsið er á einni hæð, grunnflötur er 776 m² þar af er leikrými 445 m² fyrir 119 börn samtímis í 4 - 9 tíma dvöl. Húsnæðið skiptist í tvo ganga sem eru með þrem deildum hvor, og miðrými með matsal, Leikvangi (íþróttasal) og Smiðju (listsköpun). Eldri deildir leikskólans nefnast Hóll, Hlíð og Hæð. Yngri deildir leikskólans nefnast Lind, Lækur og Laut. Lóðin er 3325 m², kominn er tími á að yfirfara lóðina og lagfæra ýmislegt.

Fífusalir er opinn leikskóli, það er að segja fyrir utan þær tvær stofur sem hver deild hefur, en annars er samnýting á íþróttasal, listasmiðju, matsal og göngum.

Námskrá og uppeldislegar áherslur

Á grunni Aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og námskrár leikskóla Kópavogs hafa kennarar Heilsuleikskólans Fífusala mótað sína skólanámskrá og var hún gefin út 16. nóvember 2011, á tíu ára afmæli skólans. Ný og endurskoðuð námskrá var tilbúin í maí 2015.

<http://fifusalir.kopavogur.is/media/um-skolann/namskra2015.pdf>

Í leikskólanum er lögð áhersla á heilsueflandi lífferni og góð samskipti. Þann 8. maí 2013 fékk leikskólinn heilsufánann og var þar með orðinn aðili í Samtökum heilsuleikskóla. Heilsustefnan er íslensk, Unnur Stefánsdóttir frumkvöðull var höfundur að henni. Markmiðið er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Sjá nánar á www.heilsustefnan.is.

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Við í Fífusölum störfum eftir kenningum John Dewey og Berit Bae.

John Dewey lagði áherslu á uppgötvunarnám, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að prófa sig áfram. Hann mælti hvorki með algjöru frelsi né valdboði, heldur því sem hægt er að kalla lýðræðislegar aðferðir. Samkvæmt Dewey eiga börnin að velja sér verkefni sjálf, verkefnin ættu að vera vel skipulögð og markviss svo börnin geti gert sér grein fyrir tilgangi vinnunnar. Hann hélt því fram að menntun sé stöðugur þroski með aukinni þekkingu þess sem hefur aflað sér hennar. Dewey fjallaði um lýðræði og menntun, hann taldi að hluti af menntun sé tengsl okkar við umhverfið og náttúruna. Námið á að leiða til þekkingar ekki bara til að muna staðreyndir heldur til að geta rökstutt þær. Dewey lagði áherslu á ferlið en ekki útkomuna. Börnin í Fífusölum fá tækifæri til að vinna í lýðræðislegri samvinnu við kennara sína og vini.

Kennarar Fífusala treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja þau til að nýta sína hæfileika. Með þessu er lagður grunnur að sterkum, sjálfstæðum einstaklingi sem tekur ábyrgð á sjálfum sér. Samskiptastefna okkar er sprottin af kenningum Berit Bae og notum við opnar spurningar, t.d. hvað, hvernig og hvers vegna, til að styðja þau í þekkingarleit sinni til náms.

Mikilvægt er að kennarar og börn séu meðvituð um samskipti sín á milli og hlúi vel að þeim, þar sem samskipti eru eitt af okkar helstu verkfærum til náms. Samkvæmt Bae þurfum við að skoða hvað það er sem hefur áhrif á samskipti okkar. Hún skiptir því upp í innri og ytri þætti.

- Innri þættirnir tengjast kennaranum, t.d. hvaða fagþekkingu hann hefur, hvaða viðhorf hann hefur til einstaklingsins sem og fyrri reynsla.
- Ytri þættirnir eru þeir sem hafa áhrif á samskipti okkar innan skólans sem og leikskólaumhverfið og samfélagið.

Kennarar bera virðingu fyrir upplifun hvers og eins. Bae segir að góður kennari þurfi að geta lifað sig inn í heim barnsins, hlustað og sýnt tilfinningum þeirra skilning. Kennarar stjórna ekki umræðum út frá fyrirfram ákveðnu efni heldur hlusta á það sem börnin hafa að segja. Mjög mikilvægt er að virða ákvörðunarrétt barnsins þegar það hefur val, ef barnið segir: „nei, ég vil ekki“ eða: „langar ekki“ þá verðum við að virða það, svo lengi sem það skaðar ekki barnið eða aðra í kringum það. Grundvallaratriði í viðurkennandi samskiptum við börn er að staðfesta þeirra upplifun og tilfinningar. Einnig segir Bae að hver kennari þurfi að skoða sín eigin samskipti og hugsa: „*hvað segi ég og hvernig segi ég það?*“

Einkunnarorð Fífusala, *virðing – uppgötvun – samvinna*, eru sprottin af þessari hugmyndafræði. Þau eiga við bæði börn og kennara og marka allt daglegt starf.

Virðing

Við leggjum áherslu á að börnin beri virðingu og taki tillit til hvers annars og efla þannig skilning á tilfinningum og þörfum sínum sem og annarra. Lagt er upp úr góðu samstarfi, trausti og gagnkvæmri virðingu á milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

Uppgötvun

Barnið öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barna, án þess að leggja á hana dóm.

Samvinna

Lagt er upp úr því að börn og kennarar læri að vera sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna og hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

Mat á starfinu, matsaðferðir

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið skiptist í innra mat, unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans, og ytra mat, sem unnið er af utanaðkomandi aðila á vegum sveitarfélags og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat í leikskólum

Kennarar Heilsuleikskólans Fífusala meta starf sitt og aðbúnað til náms annaðhvort ár með ECERS kvarðanum sem er staðlað matstæki fyrir leikskóla. Árlega fylla kennarar út sjálfsmatslista fyrir starfsmannaviðtöl. Einnig er símat í gangi allt árið um kring þar sem allir viðburðir og starfið er metið jafnt og þétt.

Ytra mat leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi Heilsuleikskólans Fífusala samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Menntasvið Kópavogs ber ábyrgð á framkvæmd ytra matsins.

Annaðhvort ár er lögð fyrir rafræn könnun, annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir kennara, þar sem lagt er mat á stjórnun og stjórnendur leikskólans. Í ár var foreldrakönnun frestað frá menntasviði og því var ákveðið að stjórnendur gerðu könnun til að fá fram skoðanir foreldra á því starfi sem við erum að vinna.

Niðurstöður úr ECERS matlistanum vorið 2015

Að þessu sinni var hver deild með einn lista en ekki hver og einn starfsmaður eins og verið hefur. Þannig að það voru sjö listar fylltir út, einn fyrir hverja deild og starfsfólkið sem vinnur í smiðju, leikvangi og við sérkennslu var með einn lista. Spurningarlistinn snýr að sex þáttum, alls 37 spurningar. Stigagjöf frá einum og upp í sjö. Allt fyrir ofan fimm er frekar gott. Niðurstöðurnar eru þessar:

Það er margt sem þarf að bæta og vinna betur með, það helsta er úr flokknum rými og búnaður og er það að ekki er hægt að skapa rými fyrir slökun og ró, tækifæri fyrir róleg svæði fyrir börnin er lítil sem engin. Varðandi útsvæðið; þar vantar mjúkt undirlag og rólur fyrir yngstu börnin. Í flokknum umönnun og daglegt líf var sama athugasemd og verið hefur undanfarin ár, að það séu of mörg börn í einu í fataherberginu sem skapar mikinn hávaða en þetta þurfa deildir að bæta. Varðandi mál og hugtakanotkun þá finnst starfsmönnum vanta upp á rökræður og heimspekilegar umræður. Einnig kom fram að það mætti styðja betur við hugtakanotkun og nota fleiri spil í málörvun. Í flokknum leik- og viðfangsefni kom í ljós að það þyrfti að bæta marga þætti. Það kom sterkt fram að tónlistaruppeldi er ábótavant, það mætti hlusta meira á klassíska tónlist, nýta hljóðfærin betur, dansa með slæður og fleira. Þá þarf að styðja betur við hlutverkaleikinn, virkja starfsmenn betur í náttúru og vísindum, hafa vettvangsferðir markvissari og tengja þær meira við myndlistina. Einnig finnst starfsmönnum mikilvægt að nota meira sand og vatn innan dyra. Auk þess þyrfti að nota fleiri stærðfræðihugtök með börnunum. Varðandi þáttinn samskipti/skipulag þá vilja starfsmenn breyta oftast út af skipulaginu, fjölga leiðum til að kenna börnunum að leysa innbyrðis deilur, styðja betur við þau börn sem eru illa stödd félagslega og að það megi alltaf bæta samskiptin og gera gott starf betra. En flokkurinn varðandi samskipti og foreldra voru fáar athugasemdir en þessi flokkur var næst hæstur.

Rými og búnaður	6
Umönnun og daglegt líf	6,7
Mál og hugtakanotkun	6,2
Leikur/viðfangsefni	6
Samskipti/skipulag	6,3
Starfsmenn og foreldrar	6,5
Meðaltal	6,3

Niðurstöður úr foreldrakönnun vorið 2015

Stjórnendur Heilsuleikskólans Fífusalir lögðu könnun fyrir foreldra í júní 2015. Könnunin var hugsuð til þess að fá álit foreldra á starfi leikskólans. Könnunin var rafræn að þessu sinni og

teljum við að það hafi fallið í góðan jarðveg hjá foreldrum. Hún var send út til foreldra 119 barna og fengust 79 svör eða tæp 70%. Lagt var upp með að einungis kæmi eitt svar frá hverju barni og að ekki væri hægt að rekja einstök svör.

Meðal annars var spurt um samskipti foreldra við deildarstjóra og starfsmenn deildarinnar, hvort foreldrar hefðu kynnt sér stefnu leikskólans sem og hve oft þeir myndu kíkja á Flickr sem er læst myndasíða sem leikskólinn heldur úti og hvort þeir nýta sér heimasíðu leikskólans. Einnig var spurt hvort foreldrar læsu föstudagspóstana sem deildarstjórar senda út í lok vikunnar og hvernig foreldrar vilja fá upplýsingar um það sem er að gerast innan leikskólans. Í lokin voru opnar spurningar þar sem foreldrum var gefinn kostur á að koma með ábendingar varðandi það hvað við getum gert betur og hvað við erum að gera vel.

Niðurstöðurnar eru á þessa leið:

Undantekningalaust eiga foreldrar mjög gott eða gott samstarf bæði við deildarstjóra barnsins síns sem og aðra starfsmenn deildarinnar. Eins hafði meirihluti þeirra sem svöruðu kynnt sér stefnu leikskólans og nýta sér heimasíðu leikskólans sér til upplýsingaöflunar að einhverju leyti, þá aðallega tengist það föstudagsfréttum leikskólans. Aftur á móti fengum við ábendingar varðandi það að það þyrfti að flikka upp á hana og tókum við það sannarlega til okkar.

Flestir ef ekki allir vilja fá upplýsingar frá deildarstjóra í gegnum tölvupóst og auglýsingu í leikskólanum. Einnig var minnst á Facebook síðu fyrir hverja deild fyrir sig og leikskólann í heild í þessu samhengi, þar sem hægt væri að auglýsa það sem er á döfinni. Það kom okkur kennurum á óvart hve lítill áhugi er fyrir myndasíðunni okkar og hvað áhugi foreldra er mikill fyrir því að hver og ein deild haldi út lokaðri Facebook síðu þar sem helstu upplýsingar hvað varðar deildina koma fram. Þetta er eitthvað sem við virðumst þurfa að skoða betur.

Upplýsingaflæði frá deildastjórum, notalegt viðmót kennara, gott skipulag, heilsustefna og góð stjórnun var án efa rauður þráður í gegnum niðurstöður könnunarinnar. Eins var minnst á metnaðarfullt starf deildanna, gott samstarf bæði við Salaskóla og dægradvöl skólans. Útskriftargistingin féll vel í kramið meðal foreldra og var minnst á hana nokkrum sinnum. Ánægja er með það aðlögunarform sem notast er við, foreldrum finnst þau tengdari inn á leikskólann eftir að farið var að notast við aðlögun af þessu tagi. Foreldrum finnst gott samstarf milli deilda þar sem flestir ef ekki allir kennarar þekkja börn annarra deilda með nafni. Einnig má nefna að oft var minnst á jákvætt, áhugasamt starfsfólk og góðan anda innan leikskólans. Foreldrar allra deilda líka á yngri gangi tala um hversu ánægt það sé með ferðir okkar í Salasundlaugina sem og Gerplu.

Þær ábendingar sem komu fram varðandi skólahópa voru hvort það er hægt að tengja hann betur saman og vinna meira krefjandi verkefni með þeim og á þann hátt skera skólahópin frá hefðbundnu starfi leikskólans. Talað var um að sniðugt væri að hafa skipulagðara hópastarf þar sem börn milli deilda hittast og á þann hátt tengjast börn milli deilda. Til að stuðla að betra samstarfi milli deildarstjóra og foreldra var nefnt að gott væri að hafa foreldraviðtal fljótlega eftir að barn skiptir um deild, á þann hátt kynnst allir aðilar og traust myndast á báða bóga. Upplýsingaflæði frá deildum féll einnig í þennan flokk og nefnt var að kennarar þyrftu að vera duglegir að upplýsa foreldra í gegnum daglegt spjall hvað barnið þeirra var að gera þann daginn. Talsvert var minnst á að kynna þyrfti betur nýja kennara sem hefja störf innan leikskólans fyrir foreldrum. Að lokum má nefna að minnst var á að vatn þyrfti að vera sýnilegra og þannig stuðla að vatnsdrykkju barnanna og að gæta þurfi þess að hliðið sé lokað.

Mat á námi og velferð barna

Við upphaf leikskólagöngu í Heilsuleikskólanum Fífusölum fær hvert barn *Heilsubók barnsins*. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, hreyfifærni, næring og svefn og færni í listsköpun (meðal annars þróun teikninga). Skráningin fer fram tvisvar á ári, haust og vor. Þessi skráning gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins auk þess sem hún er gott tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt og auðveldar Heilsubókin okkur að meta styrk hvers og eins. Þá er betur hægt að efla og hvetja hvert einstakt barn svo það geti sem best tekið virkan þátt í leik og starfi. Þegar leikskólagöngu lýkur fær barnið Heilsubókina til eignar og sýnir hún þá þroskaferli barnsins gegnum öll leikskólaárin.

Mat á starfi síðastliðins árs

Starfsmannaviðtöl voru haldin á vorönn 2015. Starfsfólk talaði um mikinn hávaða og að bæta mætti samvinnu milli deilda og sérkennslu. Einnig kom sterkt fram að við þurfum að sameinast betur til að fylgja eftir stefnu leikskólans. Starfsfólk var að öðru leyti ánægt en alltaf er eitthvað sem betur má fara.

Endurmat skólaársins 2014 – 2015

Endurmat leikskólans er unnið út frá umbótaáætlun síðasta skólaárs.

- Enn má bæta og auka samskipti milli yngri og eldri gangs svo leikskólinn verði meiri heild.
- Heilsudagurinn gekk ekki eins vel og í fyrra, þurfum að gera betur að ári.
- Börnin hafa lært mikið í málörvunarhópum, halda áfram með þá.
- Enn þarf að ýta við starfsólki úti í garði.
- Of „stíf“ dagskrá á eldri gangi, nota smiðju og leikvang meira eftir hádegi.
- Vinna með elstu börnunum gekk mun betur en sl. ár.
- Allir viðburðir skóladagatala fengu jákvæða umræðu í endurmati og verður þeim því haldið áfram.

Umbótaáætlun fyrir 2015 – 2016

- Til að auka nýtingu á útikennslustofu þarf að setja niður fasta tíma á hverja deild.
- Þarf að bæta tíma og rými til að vera einn og í friði. Verður það gert með því að deildir skipuleggi skiptingu barnahópsins.
- Að börnin fái meiri tíma og tækifæri til að klæða sig í og úr. Það þarf að fara með færri börn fram í fataherbergi í einu þegar þau eru að fara út.
- Kynna betur fyrir foreldrum og starfsfólki námskrá og starfsáætlun.
- Bæta mataræðið enn frekar.
- Vantar meiri tónlist í leikskólastarfið.
- Samræma betur stundatöflu fyrir hópastarf á eldri gangi.
- Kynna betur nýtt starfsfólk fyrir foreldrum.
- Útivera – Almennt duglegri að dreifa okkur um garðinn, þetta á við um allt húsið og skipta okkur af börnunum þótt þau séu ekki af okkar deild.
- Nýta leikvang og smiðju betur í lok dags.
- Samræma agareglur á milli deilda.
- Tengja vettvangsferðir við hópastarfið.
- Vinna betur úr niðurstöðum ECERS og foreldrakönnun.

Starfsáætlun næsta leikskólaárs

Sérkennsla

Tveir kennarar fóru á atferlisþjálfunarnámskeið hjá Greiningar - og ráðgjafarstöð ríkisins. Auk þess sóttu kennarar leikskólans ýmis önnur námskeið og ráðstefnur, m.a. fóru 5 kennarar á námskeið um félagslega hugsun. Gert er ráð fyrir að fimm börn þurfi mikinn stuðning við daglegt starf og tíu börn til viðbótar þurfi annars konar sérkennslu. Áfram verða málörvunar- og einbeitingahópar, tímarnir eru byggðir uppá að spila og leysa ýmis verkefni.

Daglegt skipulag

Hver dagur felur í sér fastskorðaðar hefðir og athafnir þar sem það veitir börnum öryggi og festu. Hins vegar erum við óhrædd við að breyta til þegar sérstakir dagar eru, veðrið leikur við okkur eða bara stemning fyrir að gera eitthvað nýtt.

Sumartímar: Á sumrin breytist skólastarfið talsvert, hópastarf í Smiðju og Leikvangi falla niður, en í staðinn er lögð áhersla á útiveru, vettvangsferðir og skapandi starf í sem fjölbreyttastri mynd.

Sérstakir dagar og tilbreytingar 2015 – 2016

Hvert skólaár er varðað af ákveðnum hefðum og tilbreytingum sem brjóta upp starfið og gefa því meiri lit. Þessir viðburðir eru inn á skóladagatali leikskólans.

- Leikskólinn opnar aftur eftir sumarlokun klukkan 13:00 þann 10. ágúst 2015.
- Fimm skipulagsdagar verða næsta skólaár:
 - 24. ágúst
 - 23. nóvember
 - 4. janúar
 - 4. mars
 - 17. maí

Fjöldi barna, aðlögun og útskrift

Haustið 2015 verða 113 börn í Fífusölum. Þar af eru fimm börn sem áætlað er að þurfi stuðningstíma og tíu sem þurfi annars konar sérkennslu næsta vetur.

Haustið 2015 tókum við inn 36 ný börn. Í Fífusölum er notuð þátttökuaðlögun. Foreldrar og/eða forráðamenn barna sem byrja í leikskólanum haustið 2015 voru boðaðir á fund í maí 2014. Þá var skólinn kynntur, aðlögunarferli lýst og dvalarsamningar gerðir. Í þátttökuaðlögun eru foreldrar virkir þátttakendur í aðlögun barna sinna og eru með þeim í leikskólanum í þrjá daga. Þá daga sjá foreldrar um allar þarfir barna sinna, hvort sem það er að klæða þau, skipta á þeim, leika við þau eða gefa þeim að borða. Á þriðja degi kveðja foreldrar börnin í útiveru fyrir hádegi og koma aftur að hvíld lokinni. Á fyrsta eða öðrum degi er foreldrum boðið upp á að hlýða á fyrirlestur varðandi dagskipulag skólans, uppeldiskenningar og aðrar mikilvægar upplýsingar á meðan hvíldin er. Markmið þátttökuaðlögunar er að foreldrar og börn læri að vera saman í leikskólanum og skapi þannig öryggi og traust barnanna gagnvart leikskóladvölinni.



Útskrift elstu barna leikskólans var haldin föstudaginn 29. maí til laugardagsins 30. maí. Líkt og síðasta skólaár var útskriftarbörnum boðið að gista í leikskólanum eina nótt og þáðu öll börnin nema eitt boðið. Dagskrá stóð frá 17:00-22:30. Byrjað var á að fara í ratleik þar sem tveir starfsmenn voru með hvern hóp. Að honum loknum bjó hvert barn til sína eigin pizzu. Eftir mat var frjáls tími og síðan var haldið náttfatapartý þar sem börnin dönsuðu og skemmtu sér. Upp úr 21:30 var róleg stund yfir sjónvarpinu. Um 22:15 fóru börnin í háttinn og sofnuðu öll mjög fljótlega. Foreldrum var boðið í morgunmat daginn eftir og formleg útskrift í beinu framhaldi af því þar sem börnin fengu afhent útskriftarskjöl og rósir. Hefur þetta fyrirkomulag gefið góða raun og er því orðið að fastri hefð hér í Heilsuleikskólanum Fífusölum.



Þróunar- og nýbreytnistarf

Síðastliðið skólaár vorum við með þróunarverkefni sem bar yfirskriftina „Nærumhverfið og náttúran“ og var K. Sigrún Halldórsdóttir verkefnisstjóri.

Frá upphafi voru 73 nemendur fæddir 2009 og 2010 af eldri gangi og eftir áramót tóku yngri deildirnar þrjár líka þátt í verkefninu. Nemendur voru í heildina 121, árgangarnir tókust á við verkefnið hver á sinn hátt.

Þetta verkefni snerti alla námsþætti leikskólans og nemendur voru áhugasamir og höfðu afskaplega gaman af ferðunum og öfluðu sér mikillar þekkingar í gegnum leikinn sem þau búa að alla tíð. Verkefnið hefur vakið kennara til umhugsunar og hvatt okkur til þess að vinna betur með viðfangsefnið, Nærumhverfið og náttúran. Hér má lesa meira um verkefnið <https://kopfifusalir.eplica.is/media/skjol/sjalfbaerniverkefni.pdf>

Fyrirhugað er að leikskólar Kópavogs tæki þátt í vináttuverkefni í samvinnu við Barnaheill veturinn 2015 – 2016.

Kynning á leikskólanum

Ár hvert hefst skólaárið á því að kynna starf skólans, starfsáætlun og skóladagatal fyrir foreldrum á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í leikskólanum.

Kennarar hafa vakið athygli á daglegu starfi leikskólans í bæjarblaðinu þegar tækifæri hafa gefist.

Samstarf

Foreldrasamstarf

Við leggjum sérstaka áherslu á að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum. Við viljum að allir finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og sýnum við fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og leggjum við því áherslu á góða samvinnu kennara og foreldra.

Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt fyrir foreldrum. Aðlögunarviðtöl eru haldin um það bil mánuði eftir að barn byrjar í leikskólanum. Almenn foreldraviðtöl eru haldin að vori, en foreldrar geta alltaf beðið um viðtalstíma við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Reglulega eru send út fréttabréf, auk þess sem ýmsar hagnýtar upplýsingar koma fram á heimasíðu leikskólans. Á upplýsingatöflum og myndaskjám á hvorum gangi geta foreldrar séð hvað börnin gera á hverjum degi. Einnig skrifa deildastjórar um daglegt starf í dagbókarfærslu á heimasíðu og/eða senda út tölvupósta einu sinni í viku.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum sem fundar tvisvar á ári, síðan fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst. Í stjórn eru sex foreldrar og sitja að auki tveir kennarar fundi sem tengiliðir leikskólans. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann, þar má nefna að í ár kom jólaleikrit í leikskólann, börnin fengu pakka frá jólasveininum og í jólakaffinu gaf foreldrafélagið heitt súkkulaði með piparkökunum. Foreldrafélagið sá um að kaupa sólarvarnir fyrir börnin. Núna í júní var vorferð í landnámssetrið í Keflavík og að lokum má ekki gleyma sumarhátíðinni sem var hin glæsilegasta, grillaðar pylsur, hoppukastali og leikhópurinn Lotta allt á kostnað foreldrafélagsins. Þetta er góð viðbót við leikskólastarfið og þökkum við kærlega fyrir það.

Í leikskólanum starfar einnig foreldraráð sem fundar reglulega. Í því eru þrjú foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans og les meðal annars yfir árlega starfsáætlun.

Samstarf við aðrar stofnanir bæjarins

Salaskóli er okkar samstarfsskóli og hitta elstu börn leikskólans og kennarar þeirra, börn og kennara úr Salaskóla þrisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið.

Við eigum gott samstarf við Salaskóla þar sem elstu börn leikskólans flytjast yfir í dægradvöl grunnskólans í byrjun júní. Markmiðið með þessu er að börnin aðlagist umhverfi skólans áður en eiginlegt nám þeirra hefst og eru þau því betur undirbúin fyrir grunnskólagöngu sína um haustið. Elstu börnin í Rjúpnahæð og kennarar þeirra eru með okkur í Sumarskólanum sumarið 2015.

Rjúpnalundur er sameiginleg útikennslustofa Fífusala, Rjúpnahæðar og Salaskóla, staðsettur í Rjúpnahæðinni. Hver skóli á sinn dag vikulega í Rjúpnalundi, en einnig er gott samstarf um samnýtingu svæðisins.

Stjórnendur leikskólans, deildastjórar og sérkennslustjóri hafa átt gott samstarf við aðrar stofnanir bæjarins svo sem Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Lindasafn, Heilsugæsluna í Salahverfi, Lindakirkju, Salalaug og Gerplu.



Starfsmenn

Í Heilsuleikskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 17,43 stöðugildum vegna barngilda auk 4,5 stöðugilda í sérkennslu. Í afleysingum fyrir undirbúning og veikindi er 3,48 stöðugildi. Auk þess er leikskólastjóri í 1,0 stöðugildi og aðstoðarleikskólastjóri í 50% stjórnendastöðu, sérkennslustjóri í 75% stöðu. Heildar stöðugildi fyrir leikskólann er 33,37 stöðugildi.

Menntun	Fjöldi	Stöðugildi
Leikskólakennarar	11	9.9
Grunnskólakennarar	2	1,75
Íþróttakennari	1	1
Aðrir starfsmenn háskólamenntaðir	5	4.67
Leikskólaliði og nemar á leikskólabrú	3	3
Eldhús	2	2
Leiðbeinendur	12	8.7
Nemar	1	0,9
Samtals	36	31.92

Fæðingarorlof

Einn kennari verður í fæðingarorlof á komandi skólaári en haustið 2015 koma tveir til baka.

Fundir

- Skilaboðafundir eru haldnir alla morgna, þar koma fram skilaboð sem þurfa að fara inn á allar deildir.
- Deildastjórafundir eru haldnir að jafnaði 3-4 sinnum á mánuði.
- Fagfundir eru haldnir að lágmarki 2 sinnum á ári.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með samráðsfundi á hverjum degi.
- Samráð við sérkennslustjóra er eftir þörfum.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara í handleiðslu að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Deildafundir og gangafundir eru haldnir eftir þörfum.

Skipulagsdagar 2014 – 2015

Síðastliðið skólaár voru sex skipulagsdagar, tveir á haustönn og fjórir á vorönn.

12. september,

Dr. Sólfríður kom og var með fyrirlestur um lýðheilsu.

Eftir hádegið var vetrarstarfið skipulagt í hópum ásamt því að deildarfundir voru þar sem starf deildarinnar var skipulagt.

17. nóvember,

Skyndihjálpar námskeið. Einn faðir af leikskólanum er fastagestur hjá okkur með skyndihjálparnámskeið annaðhvort skólaár, þar sem starfsmennirnir rifja upp og læra eitthvað nýtt í skyndihjálpi.

Gangafundir og deildafundir eftir hádegið þar sem starfið er skipulagt og samrýmt.

2. janúar

iPad námskeið fyrir hádegið.

Farið yfir heilsubók barnsins eftir hádegið.

13. mars (hálfur dagur)

Unnið í námskránni, gátlisti og umræður

Bæði deildafundir og gangafundir og tiltekt innan leikskólans

13. maí (hálfur dagur) og 15. maí og 18. maí

Þessir tveir og hálfur skipulagsdagur fóru í námsferðina okkar til Washington. Þar skoðuðum við tvo leikskóla ásamt því að skoða eitt safn. Leikskólarnir sem við skoðuðum voru mjög áhugaverðir. Þar eru öryggiskröfur mikið stífari en hér heima, opnunartími langur og margt öðruvísi en hér á landi. Sjá nánar í skýrslunni okkar frá ferðinni.

<https://kopfifusalir.eplica.is/media/skjol/washington.pdf>

Endur- og símenntunaráætlun

Allir kennarar Heilsuleikskólans Fífusala voru hvattir til að kynna sér símenntunaráætlun menntanefndar sveitarfélagsins. Út frá áætluninni völdu kennarar sér námskeið eftir áhugasviði sem þeir fóru á fyrir hönd leikskólans. Miðað var við að hver kennari veldi sér eitt námskeið, fyrirlestur eða kynningu á hvorri önn.

Öryggismál

Ef upp koma óhöpp, veikindi eða slys byrjum við ávallt á því að hringja í foreldra. Við nýtum vel þjónustu Heilsugæslunnar í Salahverfi, sem er við hlið leikskólans, en ef um alvarleg slys er að ræða er hringt á sjúkrabíl. Ávallt er fyllt út slysaskráningarblað þegar börn slasast í leikskólanum.

Á hverri deild er hringur með upplýsingum um skyndihjálpið auk viðbragðsáætlana vegna slysa og eldsvoða. Þar eru einnig helstu upplýsingar um hvert barn á deildinni með símanúmerum forráðamanna og mynd af barninu.

Einn kennari og aðstoðarleikskólastjóri gegna hlutverki öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar. Eftirlitið fer fram hjá utanaðkomandi aðilum en ef eitthvað kemur upp á höfum við haft samband við áhaldahús Kópavogsbæjar og þeir hafa brugðist skjótt við. Stefnt er að því að hafa brunaæfingu að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári.

Lokaorð

Það sem stendur hæst núna eftir þetta starfsár er nýja námskráin okkar sem við eyddum miklum tíma í að bæta og innleiða en við eigum eftir að nýta næsta ár í innleiðingu hennar. Því miður er fækkun á skipulagsdögum og hefur það tölverð áhrif á faglegt starf leikskólans. Við þurfum að fá betri skilning starfsfólks til að tileinka sér hugtök úr námskránni og þeim kenningum sem við störfum eftir. Einnig er mikilvægt að kynna hana og starfið okkar betur fyrir foreldrum í máli og myndum. Það sem kemur fram enn og aftur í starfsmannaviðtölum er, að það er of mikill hávaði hjá okkur og höfum við ítrekað leitað til Kópavogsbæjar eftir skilveggjum frá eldri gangi inn í matsal og Smiðju. Við höfum því miður ekki heyrt neitt varðandi framkvæmdir.

Núna haustið 2015 eru að koma mörg ung börn til okkar og því miður höfum ekki nægjanlega góða aðstöðu hvorki úti né inni til að taka á móti þeim en við komum til með óska eftir fækkun barna á móti. Samkvæmt því mati sem við höfum gert kom í ljós að það vantar mjúkt undirlag úti, rólur fyrir yngstu börnin og fleira sem við komum til með að óska eftir. Eins er komin þörf á miklu viðhaldi í leikskólanum og garðinum en því miður er fátt um svör þó að við höfum fengið dyggan stuðning frá foreldraráðinu. Einnig stendur uppúr foreldrakönnun sem við framkvæmdum hér á vordögum og erum við þakklát fyrir góða þátttöku og að foreldrar hafi gefið sér tíma til að aðstoða okkur með að bæta starfið okkar og munum við vinna úr öllum ábendingum og skoðum hvað við getum gert til að bregðast við þeim. Einnig þökkum við kærlega fyrir þau fallegu orð sem voru lútin á blað um okkur. Takk fyrir síðasta skólaár og við hlökkum til þess næsta.

Kópavogi, júní 2015,
Erla Stefanía Magnúsdóttir